



Stefnuyfirlýsing Íþróttafélags Hattar vegna  
kynferðilegs áreitis og ofbeldis



Á stefnuskrá Hattar er að í öllu starfi sé unnið gegn því að fordómar, einelti, áreitni og ofbeldi og hvers kyns ójafnrétti þrífist innan félagsins. Íþróttafélagið Höttur vinnur eftir sinni stefnuyfirlýsingu vegna kynferðislegs áreitnis og ofbeldis sem finna má hér að neðan. Stjórnnum allra deilda innan Hattar ber að framfylgja þessari stefnu.

### **Hvað er kynferðislegt áreitni og ofbeldi?**

Kynferðisleg áreitni/ofbeldi er hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður.

Það er upplifun þess sem verður fyrir hegðuninni, en ekki tilgangur gerandans, sem segir til um hvort um sé að ræða áreitni eða ekki.

Kynferðislegt ofbeldi eru kynferðislegar athafnir gagnvart einstaklingi sem ekki hefur gefið eða er ófær um að veita samþykki sitt. Kynferðislegt ofbeldi getur falið í sér;

Káf og þukl innan sem utan klæða á kynfærum eða öðrum persónulegum stöðum

Munnmök

Samfarir eða tilraun til þeirra

Kynferðislegar myndatökur, áhorf á persónulega staði eða sýna/sendu kynferðislegt efni

Kynferðislegur lögdur er 15 ára. Það þýðir að fyrir þann aldur eru allar kynferðislegar athafnir, með eða án vilja barnsins, ólöglegar.

### **Hvernig á íþróttafélagið að bregðast við upplýsingum um kynferðislegt áreitni eða ofbeldi?**

Íþróttafélagið skal taka öllum tilkynningum alvarlega.

Íþróttafélagið hefur á sínum snærum starfandi 3 manna viðbragðsteymi sem hægt er að leita til og hægt að finna nánari upplýsingar um á heimasíðu félagsins.

Ef þolandi er lögráða skal sterklega hvetja viðkomanda til að kæra málið til lögreglu. Hringja í 112.

Ef brotið hefur verið gegn ólögráða einstaklingi ber að tilkynna til barnaverndaryfirvalda á Fljótisdalshéraði í síma 112. Félagsþjónusta Fljótisdalshéraðs sér um barnavernd á starfsvæði Hattar.

Ef grunur vaknar um að forráðamaður/-menn eiga sjálfir aðild að kynferðislegu ofbeldi gegn barni skal hafa samband beint við lögreglu eða barnaverndaryfirvöld í síma 112.

Ef menn eru í vafa um hvernig eigi að bregðast við skal hafa samband við lögreglu, kynna málið og leita ráða í síma 112.

Þolendur eiga kost á að leita sér stuðnings og aðstoðar hjá;



Neyðarmóttaka fyrir þolendur kynferðisofbeldis, Landsspítali Fossvogi eða næstu heilsugæslustöð í samráði við lögreglu.

Gerendur ofbeldis geta leitað til [heimilisfridur.is](http://heimilisfridur.is) eða í síma 555-3020.

Stefna Íþróttafélagsins Hattar byggist á markmiðum og leiðbeiningum í bæklingi gefnum út af ÍSÍ varðandi skilgreiningu og viðbrögð við kynferðislegu ofbeldi, sem Höttur gerir að sinni stefnu og sínum markmiðum.

Markmið ÍSÍ með útgáfu bæklingins er að:

Auka meðvitund íþróttafélaga um að kynferðislegt ofbeldi getur átt sér stað á þeim vettvangi eins og öðrum.

Hvetja íþróttafélög til umræðna um hvernig hægt sé að fyrirbyggja kynferðisofbeldi.

Fræða þjálfara, stjórnendur og sjálfbóðaliða um hvað átt sé við þegar talað er um kynferðislega misnotkun.

Fræða þjálfara, stjórnendur og sjálfbóðaliða um þau lagaskilyrði sem gilda um kynferðisleg samskipti við börn. Slóð á efni frá ÍSÍ varðandi kynferðislegt áreiti og ofbeldi <http://isi.is/fraedsla/kynferdislegt-areiti-og-ofbeldi/>

Egilsstaðir, samþykkt á aðalfundi Hattar 13.04.2018